

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2284  
komudagur 5.5. 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2011  
2011040011

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um menningarminjar- þskj. 1153 – 139.lp, 651. mál.**

Við, undirrituð forstöðumenn og starfsmenn höfuðsafnanna þriggja, fulltrúar safnaráðs, FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM, tökum undir öll meginatriði í nýjum frumvörpum og fögnum nýju lagaumhverfi. Við teljum að breytt lagaumhverfi muni stuðla að mikilvægum framfaraskrefum á sviði safnastarfs og minjavörslu og skýra hlutverk stofnana. Við bindum vonir við að löggin taki gildi í ársbyrjun 2012.

Nokkrar ábendingar fylgja hér um atriði sem við teljum að geti verið til bóta varðandi frumvarp til laga um menningarminjar. Tillögur að orðalagsbreytingum eru auðkenndar hér fyrir neðan, með breiðletri þar sem um viðbætur er að ræða, en útstrikun þar sem það á við. Rökstuðningur er í hornklofa.

**Þskj. 1153 – 139.lp, 651. mál - Frumvarp til laga um menningarminjar:**

2. þáttur. II. kafli, 8. gr.

d. að ~~veita umsögn um styrkumsóknir~~ **úthluta styrkjum** úr fornminjasjóði.

2. þáttur. II. kafli, 9. gr.

d. að ~~veita umsögn um styrkumsóknir~~ **úthluta styrkjum** úr húsafriðunarsjóði.

3. þáttur. IV. kafli, 15. gr.

**...Öll frumgögn vegna skráningar skulu afhent Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu.**  
[Mikilvægi skráningargagna er ótvírætt. Sem varðveislustofnun er eðlilegt að Þjóðminjasafn Íslands annist vörslu frumgagna allra fornleifarannsóknna, þar með talið skráninga og kannana].

VII. kafli, 29. gr.

**....Öll söguleg hús á safnsvæðum, sem teljast til safnkosts, eru friðuð.** [Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að kveða úr um þetta í lögum, enda er hér átt við þau hús sem tilheyra safnkosti viðkomandi safna. Þar á meðal hús í húsafni Þjóðminjasafns Íslands].

VIII. kafli, 40. gr.

~~.....Allir gripir og sýni~~ **Öll gögn og rannsóknarskýrslur skulu afhenda Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu innan árs frá áætluðum lokum verkefnis, sbr. 3. gr. ....**[Hér er um leiðréttingu að ræða á ósamræmi við málsgreina. Að öll frumgögn fornleifarannsóknna verði varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands, á einum stað, er lykilatriði hvað varðar frekari rannsóknir á minjastöðum og einstökum minjum. Einnig er afgerandi að tryggja varðveislu gagna til framtíðar í viðurkenndum skjageymslum varðveislustofnunarinnar].

XI. kafli, 45. gr.

2. Hluta, **það er sýni**, ...[mikilvægt er að taka af öll tvímæli um það að hér er eingöngu átt við sýni].

XI. kafli, 46. gr.

... viðkomandi höfuðsafna og þeirra safna og stofnana

f.h. Þjóðminjasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, safnaráðs, FÍSOS, og Íslandsdeildar ICOM.

Með vinsemd og virðingu

---

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður og formaður safnaráðs  
Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands  
Helgi Torfason, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands  
Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður FÍSOS og fulltrúi safnaráðs  
Ágústa Kristófersdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra safnaráðs  
Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs  
Jenny Lind Egilsdóttir, fulltrúi sambands íslenskra sveitarfélaga í safnaráði  
Ólöf Sigurðardóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM